

## AUGLÝSING um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 142. löggjafarþings, frá 4. júlí 2013 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 10. september 2013.

*Gjört á Bessastöðum, 4. júlí 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 5. júlí 2013 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 142. löggjafarþings, frestað hinn 5. júlí 2013.

*Forsætisráðuneytinu, 5. júlí 2013.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*